

**ÁKVÖRDUN SAMEGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 161/2013**

2014/EES/13/09

frá 8. október 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEGINLEGA EES-NEFDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/51/ESB frá 23. janúar 2013 um mat á regluramma þriðja lands sem gildir um virk efni í mannalyfjum og um tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar skv. 111. gr. b. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB (¹).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

**ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:**

*I. gr:*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„15qa. **32013 D 0051:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/51/ESB frá 23. janúar 2013 um mat á regluramma þriðja lands sem gildir um virk efni í mannalyfjum og um tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar skv. 111. gr. b. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 36).“

*2. gr:*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/51/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr:*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr:*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pórir Ibsen**

formaður.

(¹) Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 36.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.